

Einnig greiði hann stefnda, Hilmar Ingimundarsyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 20.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. janúar 1979.

Nr. 51/1978. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Guðbergi Jónasi Márussyni
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Háttsemi ákærða, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, er réttilega lýst í héraðsdómi. Þykir atferli hans varða hann refsingu samkv. 1. málgr. 37. gr. og 3. málgr. 47. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., er breytir 80. gr. laga nr. 40/1968. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá eiga ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Guðbergs Jónasar Márussonar, eiga að vera óröskuð, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms

þessa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 3. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinnu upp dómur í málinu nr. 503/1977: Ákærvaldið gegn Guðbergi Jónasi Márussyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 19. sept. sl., gegn Guðbergi Jónasi Márussyni afgreiðslumanni, Álheimum 34, fæddum 11. janúar 1909 að Minni-Reykjum í Fljótum. Honum er gefið að sök

„að hafa miðvikudaginn 13. júlí 1977, er hann ók bifreið sinni, R 13384, vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík, eigi sýnt af sér nægilega aðgát, ekið fram úr bifreiðum við og á gatnamótum þeirrar götu og Skeiðarvogs með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærða og einni þeirra, R 34904, sem reyndi að beygja suður Skeiðarvog.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 47. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Að morgni miðvikudagsins 13. júlí sl. ók ákærði fólksbifreið sinni, R 13384, vestur Suðurlandsbraut. Er hann nálgast mót hennar og Skeiðarvogs, voru á undan honum nokkur ökutæki á sömu leið, fremst kranabifreiðin R 34904. Ákærði ók fram úr ökutækjum þessum, en á gatnamótunum var kranabifreiðinni beygt til vinstri, og lenti hún þá á hægri hlið R 13384 og olli skemmdum á framaurbretti, fremri hurð og afturbretti.

Ákærði segir, að á undan honum hafi verið lest bifreiða, hve margar, man hann ekki. Hann hafi ekið fram með henni á 35 km/klst hraða á að giska. Hann kveðst ekki hafa séð þess nein

merki, að kranabifreiðinni yrði beygt, og aldrei séð nein stefnuljós. Hann hafi verið að fara fram úr kranabifreiðinni, um það leyti sem komið var að gatnamótunum, og þá hafi kranabifreiðin lent á hægri hlið bifreiðar hans. Ákærði segist hafa reynt að beygja undan og losna við kranabifreiðina og eftir að áreksturinn var orðinn, hafi hann ekið áfram yfir gatnamótin, en síðan hafi hann ekið bifreiðinni aftur að kranabifreiðinni. Ákærði telur sig ekki sjá, að hann hafi brotið neitt af sér með akstri sínum.

Uppdráttur lögregluþjóna, er komu á staðinn, sýnir, að bifreiðarnar hafa lent saman, eftir að út á gatnamótin var komið. Er kranabifreiðin á miðjum gatnamótunum að kalla, en framendinn kominn yfir á vestri akbraut Skeiðarvogs. Hefur ökumaður ætlað að aka suður þá götu (í átt að Miklubraut).

Ökumaður kranabifreiðarinnar, Sölvi Stefán Arnarson, staðhæfir, að hann hafi gefið stefnuljós, áður en hann hóf að beygja. Hann hafi ekki orðið var við bifreið ákærða fyrr en rétt í því, er bifreiðunum lenti saman. Hann kveður hraða bifreiðar sinnar hafa verið mjög lítinn í beygjuni og hafi hann getað stöðvað hana samstundis.

Vitnið Sæmundur Alfreðsson bifreiðarstjóri kveðst hafa ekið vörubifreið á eftir kranabifreiðinni og á eftir hafi verið sendiferðabifreið. Hann segir, að kranabifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt, og hann staðhæfir, að ökumaður hennar hafi gefið stefnuljós til vinstri, áður en hann beygði. Sæmundur kveðst hafa séð í baksýnispegli, er bifreið ákærða kom fram með þessum þremur bifreiðum, og er hún fór fram hjá kranabifreiðinni hafi þær verið komnar inn á gatnamótin og ökumaður bifreiðarinnar verið farinn að beygja.

Niðurstöður.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga má ökumaður ekki aka fram úr ökutækni, „nema unnt sé án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð,“ og einnig segir í ákvæði þessu: „Eigi má aka fram úr ökutækni á gatnamótum . . .“ o. s. frv. Ákærði gerðist sekur um verulegt brot gegn ákvæði þessu, þar sem hann ók fram með þremur ökutækjum og fram úr hinu fremsta á gatnamótum og olli þannig árekstri. Ákvæði 26. og 37. gr. umferðarlaga eiga hér ekki við.

Refsing ákærða, sem hefur ekki fyrr sætt refsingu fyrir umferðarbrot, verður ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og

komi þriggja daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Jónas Márusson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 18.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 12. janúar 1979.

Nr. 228/1977. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

X

(Örn Clausen hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Ákæra um brot gegn lögum nr. 65/1974. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð. Vegna kröfugerðar þessarar koma